

Samantekt umsagna

Umsagnir um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í
Laugarnes- og Langholtshverfi

SIGRÚN HARPA MAGNÚSDÓTTIR

MATSFÆÐINGUR Á SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI REYKJAVÍKURBORGAR

SEPTEMBER 2022

Sviðsmynd 1

- Laugarnesskóli verður fyrir 1.-6. bekk og byggt við skólann.
 - Laugó er félagsmiðstöðin fyrir 5. og 6. bekk
 - Laugarsel er frístundaheimilið fyrir 1. og 2. bekk og Dalheimar fyrir 3. og 4. bekk.
- Langholtsskóli verður fyrir 1.-10. bekk og byggt við skólann.
 - Glaðheimar er frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk og Próttheimar er félagsmiðstöð fyrir 5.-10. bekk.
 - Dalheimar er frístundaheimili fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum.
- Laugalækjaskóli verður fyrir 7.-10. bekk og byggt við skólann.
 - Laugó er félagsmiðstöðin fyrir 7.-10. bekk verður í viðbyggingu ásamt skólahljómsveit
- Huga þarf að aðstöðu Laugarnesskóla og Laugalækjaskóla fyrir íþróttakennslu



Sviðsmynd 2

- Laugarnesskóli verður fyrir 1.-4. bekk.
 - Laugarsel er frístundaheimilið fyrir 1. og 2. bekk
 - Dalheimar er frístundaheimilið fyrir 3. og 4. bekk og verður í Laugardalnum.
 - Gera þarf ráð fyrir íþrótt aðstöðu í Laugarnesskóla
- Langholtsskóli verður fyrir 1.-10. bekk og byggt við skólann.
 - Próttheimar er félagsmiðstöð fyrir 5.-10. bekk sem verður í viðbyggingu skólans.
 - Glaðheimar er frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk í gamla húsnæði Dalheima
 - Dalheimar er frístundaheimili fyrir 3. og 4. bekk og verður í Laugardalnum.
- Laugalækjaskóli verður fyrir 5.-10. bekk og byggt við skólann.
 - Laugó er félagsmiðstöðin fyrir 5.-10. bekk verður í viðbyggingu ásamt skólahljómsveit



Sviðsmynd 3

- Laugarnesskóli verður fyrir 1.-7. bekk.
 - Laugarsel er frístundaheimilið fyrir 1.-4. bekk
 - Rými fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 5.-7. bekk
- Langholtsskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Glaðheimar er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Rými fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 5.-7. bekk
- Laugalækjaskóli verður fyrir 1.-7. bekk.
 - Nýtt frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Rými fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 5.-7. bekk
 - Rými fyrir skólahljómsveit Austurbæjar
- Nýr unglingaskóli fyrir 8.-10. bekk í Laugardalnum
 - Finna húsnæði eða byggja nýtt
 - Ný félagsmiðstöð fyrir 8.-10. bekk í nýjum skóla



Sviðsmyndir

Umsagnir voru frá eftirfarandi hagsmunaaðilum frá febrúar - apríl 2022.

Grunnskólar	Frístundastarf	Íbúaráð/samtök og nemendur
Langholtsskóli, starfsfólk	Frístundaheimilin Laugarsel, Dalheimar og Glaðheimar.	Stjórn íbúasamtaka Laugardals
Langholtsskóli, skólaráð		Vinnusmiðja með börnum í 1.-4. bekk í Langholts- og Laugarnesskóla.
Langholtsskóli, foreldrafélag		
Laugalækjarskóli, starfsfólk	Félagsmiðstöðvarnar Laugó í Laugalækjaskóla og Þróttheimar í Langholtsskóla.	Vinnusmiðja með börnum í 5. -10. bekk í Langholts-, Laugarnes- og Laugarlækjarskóla.
Laugalækjarskóli, skólaráð		
Laugalækjarskóli, foreldrafélag		Ungmennaráð Laugardals, Háaleitis og Bústaða.
Lauganesskóli, starfsfólk		
Lauganesskóli, skólaráð		
Lauganesskóli, foreldrafélag		

Kynningarfundur og umsagnir.

Kynningarfundur 2. desember 2021 á skýrslu starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnesi- og Langholtshverfi. Óskað var eftir umsögnum um tillögur skýrslunnar frá ofangreindum hópum fyrir 1. febrúar 2022, en var framlengt til 15. febrúar 2022. Umsagnir voru sendar á netfangið sfs@reykjavik.is.

Fundarboð var sent á:

- Skólaráð Laugalækjarskóla, Laugarnesskóla, Langholtsskóla
- Stjórn foreldrafélag Laugalækjarskóla, Laugarnesskóla, Langholtsskóla
- Starfsmenn skóla- og frístundastarfs Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla auk Glaðheima, Þróttheima, Laugasels, Laugó og Dalheima og deildarstjóra og framkvæmdastjóra Kringlumýrar
- Íbúaráð - Ungmennaráð

Fundurinn var rafrænn og tekinn upp og því möguleiki á að nota upptökuna til frekari umræðna og vinnu við umsagnir. Allir sem fengu fundarboð á höfðu aðgang að upptöku fundarins.

Umsagnir frá nemendum

Vinnusmiðjur nemenda í 1.-4. bekk

Upplýsingum var safnað á tvenns konar máta:

- Nemendur spurðir munnlega og/eða skriflega, inni í bekkjum/frístundaheimilunum opinna spurninga um hvernig draumaskólinn/frístundaheimilið lítur út og hvað léti þeim líða vel í skóla- og frístundastarfinu.
- Fundir voru haldnir með nokkrum börnum úr hverjum bekk (1.-4. bekk). Sviðsmyndir í skýrslunum og gögn úr bekkjar-/frístundaheimilavinnunni höfð til hliðsjónar. Í einhverjum tilfellum voru unglingar úr Réttindaráði ritarar og fundastjórar.

Vinnusmiðjur nemenda í 5.-10. bekk

- Skóla- og frístundasvið stóð fyrir stórfundi 31. mars s.l. með um 100 börnum og unglingum úr Laugalækjarskóla, Laugarnesskóla og Langholtsskóla vegna tillagna er varðar hugmyndir um breytingar á skóla- og frístundastarfi í hverfinu.
- Hluti barnanna var boðið úr slembiúrtaki meðal nemenda skólanna og hluti barnanna eru í nemendaráðum og öðrum ráðum á vegum skólanna þriggja.

SVÓT GREINING Samantekt.

SAMANTEKT ÚR 15 UMSÖGNUM.

Styrkleikar

Sviðsmynd 1: Varðveitir skólabrag, stöðugleiki fyrir nemendur og kennara. Meira pláss á hverjum stað. Stutt fyrir flesta að ganga í skólann. Samfella í námi barna í heildstæðum skóla, aldursblöndun jákvæð fyrir skólabraginn. Barn sækir skóla í sínu nærumhverfi, einfaldar líf fyrir fjölskyldur. Tillaga sem stendur vörð um dýrmæta skóla- og hverfismenningu.

Sviðsmynd 2: Spennandi að skipta um skóla, litlar breytingar og meira pláss í Langholts- og Laugalækjarskóla. Hægt að vera með góða aðstöðu fyrir félagsmiðstöð og mestar líkur á að búa meg vel um húsnæði frístundaheimilanna. Tillagan góð út frá fjarlægð og umferðaröryggi.

Sviðsmynd 3: Besta langtímalausnin, skynsemi í því að byggja unglingaskóla. Fleiri unglingar saman, meiri líkur á að allir geti fundið vini við hæfi og fjölbreyttara félagslíf. Nútímalegur unglingaskóli gæti boðið upp á ný tækifæri og nýjar áherslur í námi, nýtt upphaf og tækifæri til að kynnast nýjum félögum.

Veikleikar

Sviðsmynd 1: Töluvert rask af framkvæmdum sem taka tíma. Líklega dýrara að byggja við þrjá skóla en að byggja einn nýjan. Skólalóðir minnka. Erfitt að gera sér grein fyrir því hvar viðbyggingar skólanna eiga koma.

Sviðsmynd 2: Raskar félagslegu umhverfi nemenda, erfitt að skipta um skóla. Hefðir og venjur í skólum tapast. Öllum framkvæmdum fylgir truflun á skólastarfi sem getur verið erfitt. Nauðsyn að farið sé strax í að leggja línurnar með húsnæði frístundaheimilanna. Tæki allt of langan tíma.

Sviðsmynd 3: Breyting á félagslegu umhverfi nemenda. Unglingar vita ekki hvernig á að umgangast yngri krakka. Vegalengdir gætu orðið miklar, fjarlægð milli heimilis og skóla gætu haft áhrif á félagsstarf. Hvar verður skólinn staðsettur, hver yrði kostnaður? Kallar á tvískipta starfssemi félagsmiðstöðva hverfisins og rask fyrir nemendur í sérdeild. Tæki alltof langan tíma.

Ógnanir

Sviðsmynd 1: Stækkun skólanna ekki nægileg, ekki nægilega góð lausn til lengri tíma. Fjárfestir í þróunarstarfi og mannauði gæti glatast. Suma nemendur gæti vantað fyrirmyndir af öllum kynjum (karlennarar fleiri á unglingastigi).

Sviðsmynd 2: Annar skólinn gæti orðið vinsælli en hinn. Þröngt aldursbil skapar ákveðan einsleitni og óþörf skil á milli aldursbilda í samfélaginu. Proskamunur of mikill fyrir nemendur að skipta um skóla eftir 4. bekk. Starfsandi yrði í hættu, skólabragur og skólamenning breytist og það þyrfti að hugsa skólasamfélagið upp á nýtt.

Sviðsmynd 3: Gríðarlegur fjöldi af unglingum á einum stað, gæti takmarkað þjónustu við miðstigsstarf. Áhyggjur töluverðar af því að safna öllum unglingum saman í einn skóla. Áhyggjur af unglingum sem þurfa að ganga í gegnum Laugardalinn að kvöldi til. Myndi einhverfudeild Langholtsskóla rúmast innan unglingaskóla? Hætt við að mjög ólík menning skapist á milli yngri barna skólanna og unglingaskólanna hinsvegar.

SVÓT

Tækifæri

Sviðsmynd 1: Finna varanlegar lausnir á frístundastarfi yngstu barna, byggja upp íþróttastöðu við alla skólanna í Laugardal.

Sviðsmynd 2: Þróa miðstigs félagsmiðstöðvar inni í skólum sem myndi bjóða uppá aukna, betri og persónulegri þjónustu fyrir börn í 5.–7. bekk. Samstarf milli skóla og félagsmiðstöðva að einhverjum líkindum einfaldari. Samnýting skóla og félagsmiðstöðvar þyrfti að hugsa vandlega og vinna í samstarfi.

Sviðsmynd 3: Fjölbreyttara nám, meira val með nýjum og fræðandi greinum. Tækifæri að móta stefnu skóla frá upphafi með nýjum áherslum þar sem unglingastarf fengi að njóta sín og félagslífið gæti orðið öflugra. Félagsmiðstöð inni í nýjum skóla. Nemendur gætu mögulega fengið nýtt upphaf. Gera þarf ráð fyrir einhverfu sérdeild, finna varanlega lausnir á frístundastarfi yngstu nemendanna og byggja upp íþróttastöðu við alla skólanna.

Greining eftir umsagnaraðilum

Grænn litur: Styrkleikar, atriði sem hagsmunahópur telur jákvætt við tillögurnar.

Rauður: Veikleiki, atriði sem hagsmunahópur telur neikvætt við tillögurnar.

Svartur: Ábendingar, til umhugsunar eða þættir sem þarf að hafa í huga við breytingarnar.

Stjórn íbúasamtaka Laugardals

ALMENNT

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals minnir á skólaskyldu og að nemendur eiga rétt á að stunda skóla við ásættanlegar aðstæður.

Stjórn ÍL leggur áherslu á að innviðir hverfisins njóti forgangs í uppbyggingu, án þess að gengið sé á græn svæði, þar með talið Laugardalinn.

Íbúasamtök Laugardals hafa lagt áherslu á að við undirbúning uppbyggingar sé unnið samhliða að því að styrkja innviði hverfisins til að mæta þjónustubörf allra íbúa.

Fjölgun nemenda í hverfinu kemur ekki á óvart.

Tímalína um hvernig og/eða hvenær hver lausn fyrir sig gæti verið komin í gagnið fylgir ekki.

Þriðja sviðsmyndin felur í sér nýjan skóla en lóðir fyrir slíkt liggja ekki á lausu í hverfinu og forsendur þannig óljósar.

ÍBÚARÁÐ

Sviðsmynd 1: Sviðsmynd sem varðveitir skólabrag án mikillar röskunar á félagslegu umhverfi nemenda.

Sviðsmynd 2: Raskar mikið félagslegu umhverfi nemenda, óheppilegt að breyta aldursskiptingu milli skólanna tveggja, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla.

Sviðsmynd 3: Fylgir mikil breyting á félagslegu umhverfi nemenda hverfisins, sérstaklega á unglingastigi. Tímarammi, lóðamál og mismunur á aðgengi eftir hverfishlutum vegur einnig neikvætt inn í þessa sviðsmynd.

Ungmennaráð Laugardals, Háaleitis og Bústaða

ALMENNT

Góð hugmynd að Laugarnesskóli væri fyrir yngsta stig (1.-4. bekk) þar sem hann er byggður fyrir yngri krakka og að miðstig (5.-7.bekkur) væri í Laugalækjarskóla.

Rígur gæti myndast milli skólahverfa þar sem skólarnir eru svo nálægt hvorum öðrum.

Frekar leiðinleg tilhugsun að Laugarneshverfinu væri skipt í tvennt og að krakkar og vinir fengju ekki að vera saman í skóla.

SVIÐSMYND 3

Ungmennaráði líst best á tillögu númer 3 um að búa til unglingaskóla.

- Besta langtímalausnin.
- Gæti verið hressandi ný og skemmtileg breyting fyrir hverfið. Ef hugmynd 3 væri framkvæmd væri meira pláss fyrir kennslustofur og væri jafnvel hægt að búa til nýja og fræðandi valáfanga sem þyrftu ákveðið umhverfi.
- Erfitt að byggja alltaf við skóla og vona að allir nemendurnir hafi pláss.
- Erfitt að horfast í augu við breytingarnar en höldum að það sé kominn tími til þess.

Vinnusmiðja með börnum í 1.-4. bekk í Langholts- og Laugarnesskóla.

ALMENNT

SVIÐSMYNDIR 1, 2 OG 3

Gott að hafa systkini í sama skóla, unglingar geta verið góðir og hjálpað okkur.

Vilja hafa frístundaheimili við skólann. **Langt** að ganga fyrir sumar.

Mörgum nemendum í 1.-4. bekk í Laugarnesskóla líst illa á að skólahverfinu þeirra verði skipt og að vinir verði allt í einu í sitthvorum skólanum. Reyndar eignist þau kannski nýja vini.

Hvernig yrði farið að því að skipta nemendum á milli yngri barna skólanna í Laugarnesi og Laugalæk, mætti velja sér skóla eða væri farið eftir búsetu? **Val** gæti orðið flókið mál ef annar skólinn verður vinsælli en hinn. Og hvað með börn sem eiga tvö heimili, sitt hvorum megin?

Sviðsmynd 1: Flestum líst vel á sviðsmynd 1, **en einhverjum fannst hún ekkert spennandi**. Kostur að Þróttheimar verði í skólanum, gott að það verði styttra í Þróttheima og Glaðheima. Sjá öryggi í því að skólarnir haldi áfram einkennum sínum en stækki og þá verði meira pláss, fleiri vinir og jafnvel fleiri leiktæki, vinir ekki aðskildir. Sjá fyrir sér töluvert rask af framkvæmdum og að þær muni taka tíma.

Sviðsmynd 2: Yngri börnum í Laugarnesskóla fannst sumum spennandi að fara fyrr í Laugalækjarskóla en öðrum finnst það erfitt. Nemendur nefna ýmsar hefðir og venjur sem fylgja árgöngum í Laugarnesskóla og telja að þær myndu hverfa eða breytast. Nemendum í Laugarnesskóla þykir vænt um kennarana sína og hafa áhyggjur af því að einhverjir þeirra kynnu að missa vinnuna. (Yngri börnin í Langholtsskóla fjölluðu ekki um sviðsmynd 2).

Sviðsmynd 3: Skiptar skoðanir yngri barna í Langholtsskóla á þessari sviðsmynd. **Kostirnir** að geta hitt nýja krakka og eignast fleiri vini, meira pláss í skólanum fyrir yngri nemendur og þau „laus við vandræðaseggi“. Gallarnir væru að þá viti unglingar ekki hvernig á að umgangast yngri krakka og þeir gætu ekki hjálpað þeim yngri í skólanum.

Vinnusmiðja með börnum í 5. -10. bekk í Langholts-, Laugarnes- og Laugarlækjarskóla.

ALMENNT

Sumum finnst tillaga 1 best, aðrir tilbúnari í að fá sérstakan unglingaskóla í hverfið.

Mikilvægt að framkvæmdir fari fram að sumri til, eins og hægt er, til að trufla ekki skólastarf.

Huga þarf að hönnun viðbygginga og því hvernig hópur sækir skólann.

Hugmynd að Laugarnesskóli væri fyrir 1. – 4. bekk, Laugarlækjarskóli fyrir 5. – 7. bekk og svo byggður nýr unglingaskóli.

SVIÐSMYNDIR 1, 2, OG 3

Sviðsmynd 1: Jákvæðni að fá nýtt húsnæði og meira pláss á hverjum stað. Stutt fyrir flesta að ganga í skólann sem þykir þægilegt. Möguleikar fyrir fjölbreytt skólastarf eru fyrir hendi, kostur að félagsmiðstöðin komi í viðbyggingu í Langholtsskóla. Líklega dýrara að byggja við þrjá skóla en að byggja einn nýjan. Viðbyggingum fylgir rask og hávaði og passa þyrfti vel upp á öryggismál á framkvæmdartíma. Viðbyggingar gætu orðið til þess að skólalóðir minnka, ekki góður kostur.

Sviðsmynd 2: Litlar breytingar og meira pláss í Langholts- og Laugalækjarskóla. Hægt að vera með góða aðstöðu fyrir félagsmiðstöð. Skólalóðin við Laugalækjarskóla hentar kannski ekki fyrir 5. og 6. bekk núna, bregðast við því. Tekur í burtu spennuna við að fara í sérstakan unglingaskóla og félagslífið minna spennandi. Öllum framkvæmdum við skóla fylgir truflun á skólastarfi sem getur verið erfitt.

Sviðsmynd 3: Þessi sviðsmynd felur í sér meira pláss fyrir alla. Krakkar skipta um skóla sem getur verið spennandi kostur. Sumum fannst ákveðin skynsemi í því að byggja unglingaskóla og þar sem það eru fleiri unglinga saman eru meiri líkur á að allir geti fundið vini við hæfi. Í unglingaskóla er fjölbreyttara félagslíf og fleira sem er hægt að gera. Hægt að gera aðstöðu fyrir félagsmiðstöð inni í nýja skóla. Námið væri fjölbreyttara, meira val. Þessi leið yrði til þess að byggingarframkvæmdir myndu hafa lítil áhrif á skólastarfið. Gæti tekið tíma að byggja nýjan skóla, gæti orðið langt fyrir suma að fara í skólann. Huga þarf að góðum samgöngum, ekki endilega gott að blanda krökkum úr þessum þremur skólum saman, ekki hægt að vita fyrirfram hvernig samkomulagið verður. Það getur verið ógnvekjandi að vera í stórum unglingaskóla og suma krakka gæti kviðið fyrir því og átt erfitt með að kynnast nýjum krökkum. Sumum kennurum gæti þótt erfitt að færa sig á milli skóla. Hlusta þarf vel á unglinga og kennara þegar byggja á nýjan skóla, hvernig skólinn lítur út og hvernig allt er sett upp - nýr skóli býður upp á marga möguleika.

Frístundaheimilin Laugasel, Dalheimar og Glaðheimar

SVIÐSMYND 2

Sviðsmynd 2 sú sviðsmynd sem frístundaheimilin þrjú telja að henti frístundaheimilum hverfisins best. Mestar líkur eru á að búa megi vel um húsnæði frístundaheimilanna með þessum hætti. Mikilvægt að húsnæðið verði ekki tímabundið heldur verði farið í það að búa til framtíðarhúsnæði fyrir frístundaheimilið.

Tillagan til góðs fyrir nemendur Langholtsskóla, út frá fjarlægð og umferðaröryggi en mikilvægt að yfirfara húsnæði Dalheima sem er úr sér gengið og þreytt til að mæta þörfum barna. Eins væri gott að yfirfara útisvæði Dalheima (þá Glaðheima þegar Dalheimar færast yfir í Húsdýragarðinn) til að mæta þörfum barnahópsins betur.

Veikleikar: Nemendur í Laugarnesskóla missa fyrirmyndirnar sínar í 5. og 6. bekk og endurnýjun þyrfti á húsnæði Dalheima til að mæta þörfum 1. og 2. bekkjar í Langholtsskóla.

Styrkleikar: Gott að börnin í 5. og 6. bekk séu í sama húsnæði og félagsmiðstöðin, auknar líkur á að þau myndu sækja félagsmiðstöðina. Valdeflandi fyrir börn í 3. og 4. bekk að vera elst og gott að börnin í 1. og 2. bekk í Langholtsskóla séu komin nær skólanum.

Höfuðáhersla á að húsnæði frístundaheimilanna verði boðlegt og ekki tímabundið. Brýn nauðsyn að farið sé strax í að leggja línurnar með húsnæði frístundaheimilanna og að deildarstjóri barnastarfs og forstöðumenn verði með í því að teikna upp ný húsnæði frístundaheimilanna.

SVIÐSMYNDIR 1 OG 3

Sviðsmynd 1 og sviðsmynd 3: Frístundaheimilunum þremur hugnast ekki þessar sviðsmyndir:

Sviðsmynd 1: Er pláss fyrir Laugarsel í viðbyggingu, er búið að hugsa fyrir hvernig á að útfæra það.

Sviðsmynd 3: Sjáum ekki mikið svigrúm að byggja við Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla rými sem dugir fyrir frístundaheimili í þessum skólum.

Félagsmiðstöðvarnar Laugó í Laugalækjaskóla og Þróttheimar í Langholtsskóla

ALMENNT

SVIÐSMYNDIR 1, 2 OG 3

Sviðsmynd 1: Ákjósanleg, skólaumhverfið tekur minni breytingum en ekki góð til lengri tíma.

Sviðsmynd 1 og 2: Upplifa sem skammtíma-lausnir.

Sviðsmynd 3: Árangurríkust til lengri tíma.

Sviðsmynd 1. Skilvirk lausn, stöðugleiki fyrir nemendur og kennara, tímafrekt og erfitt að gera sér grein fyrir því hvar viðbyggingar skólanna eiga koma. Sviðsmynd 1 er ákjósanleg að því leyti að skólaumhverfið tekur minni breytingum en þó er gríðarleg hætt á því að vinna við sviðsmyndina bjóði ekki uppá nægilega stækkun skólanna og sé ekki nægilega góð lausn til lengri tíma.

Sviðsmynd 2. Rými sem félagsmiðstöðin Laugó þyrfti hiklaust að vera stærra ef sviðsmynd 2 væri valin, aðsókn myndi af öllum líkindum verða töluvert meiri. Samnýting skóla og félagsmiðstöðvar í Langholtsskóla þyrfti að vera vandlega úthugsuð og unnin í samstarfi við félagmiðstöðina. Ekki fráleit hugmynd að þróaðar yrðu miðstígs félagsmiðstöðvar sem starfa inni í skólum, það myndi bjóða uppá aukna, betri og persónulegri þjónustu fyrir börn í 5.–7. bekk. Samstarf milli skóla og félagsmiðstöðva að einhverjum líkindum einfaldari, samskipti milli skóla og frístundar miðstígs og unglinga.

Sviðsmynd 3: Erfitt að lesa út úr tölunum, ekki áætlaður fermetrafjöldi á nýrri skólabyggingu fyrir unglingaskóla. Veltum fyrir okkur hvort unnið hafi verið með þá hugmynd að ef sviðsmynd 3 væri valin hvort að Laugarnesskóli væri skóli fyrir 1.–4. bekk og Laugarlækjarskóli yrði fyrir 5.–7. bekk í stað þess að skólarnir yrðu báðir að þjónusta 1.–7 bekk. Í þriðju sviðsmynd göngum við að því að Laugó og Þróttheimar yrðu sameinaðar í eina starfsstöð. Það yrði flókið verkefni þar sem fjöldinn yrði gríðarlegur af unglingum á einum stað sem gerir það að verkum að þjónusta við miðstígsstarf myndi takmarkast gríðarlega. Hvar er gert ráð fyrir staðsetningu félagsmiðstöðvarinnar? Teljum að sviðsmynd 3 sé árangurríkust til lengri tíma. Möguleikar á að einstaklingar sem tilheyra jaðarhópum væru sýnilegri, fjölbreyttari hópur. Verk fyrir höndum að byggja upp jákvæða unglingamenningu, góðir möguleikar á því, sérstaklega ef hugað verður að því að félagsmiðstöðin yrði staðsett inni í skólanum.

Hugmynd um miðstígsstarf í barnaskólunum flókin, skerðing á opnunum fyrir miðstígr yrði gríðarleg og þörf á starfsmannafjölda yrði úthugsuð til þess að raunhæft væri að þjónusta alla í þremur skólum. Stjórnendur félagsmiðstöðvar þyrftu að vera í teymi í samvinnu með fjórum skólastjórnendum, tímafrekt. Huga þarf að starfsemi félagsmiðstöðva f. miðstígr.

Langholtsskóli: Skólaráð, starfsfólk, foreldrafélag

Sviðsmynd 2 hefur ekki áhrif á Langholtsskóla.

SKÓLARÁÐ

Forsendur fyrir sviðsmyndunum eru óljósar, kostnaðargreining liggur ekki fyrir né hugmynd að staðsetningu unglingaskóla eða tímasetning. Skólaráð Langholtsskóla telur sviðsmynd 1 vænni kost en vantar fleiri upplýsingar. Hefja þyrfti framkvæmdir á vormánuðum – fyrsta skóflustungan ætti að vera á 70 ára afmæli skólans. Skólaráð hvetur til þess að fundin verði lausn á húsnæðisvanda skólanna þriggja, þóir ekki bið. Skólarnir löngu búnir að sprengja utan af sér húsnæðið.

Sviðsmynd 1: Fékk flestar jákvæðar umsagnir í skólaráðin. Hver skóli hefur sína sérstöðu og góður skólabragur, ekki þörf á að breyta. Fjárfestirnir í þróunarstarfi og mannauði gæti glatast, kynjafjórðungi meira í skóla fyrir 1.-10. bekk, fleiri karlkennarar á mið og elsta stigi. Skólaráðið telur suma nemendur gæti vantað fyrirmyndir af öllum kynjum. Yngri nemendur læra af eldri og vinátta myndast milli bekkja í vinaverkefnum. Skólinn miðsvæðis og minna um að foreldrar aki börnum í skóla, systkin geti fylgst að á leið í skóla. Með sviðsmynd 1 myndast samfella í námi og skólastiga og minna rót fyrir nemendur. Óviðunandi íþróttasvæði og finna þarf framtíðar aðstöðu frísundastarfs.

Sviðsmynd 3. Gæti verið spennandi kostur svo fremi sem stundaðir yrðu álíka kennsluhættir og vinnubrögð sem eru á unglingastigi í Langholtsskóla. Í unglingaskóla gefst tækifæri til að móta stefnu skóla frá upphafi með nýjum áherslum. Unglingastarfið fengi að njóta sín og félagslífið gæti orðið öflugra. Nemendur sem eiga undir högg að sækja gætu mögulega fengið nýtt upphaf. Áhyggjur töluverðar: er gott að safna öllum unglingum saman í einn skóla, hverfið yrði mjög stórt fyrir unglingaskólann og möguleiki á skutl ykist til muna. Áhyggjur af unglingum sem þurfa að ganga í gegnum Laugardalinn að kvöldi til, eftir skólaskemmtun (illa upplýstur). Myndi einhverfudeild Langholtsskóla rúmast innan unglingaskóla?

STARFSFÓLK

Forsendur fyrir sviðsmyndir 1 og 3 að mörgu leyti óljósar. Helmingur starfsmanna taka ekki afstöðu, báðar tillögur kæmu til greina. Hinn helmingurinn telur vænlegra að halda skólunum þremur eins og þeir eru í dag og byggja við þá alla. Starfsfólk krefst þess að borgaryfirvöld í RVK hefjist þegar handa við undirbúning og aðgerðir til að leysa úr húsnæðisvanda skólanna sem er löngu sprungið og aðstæður nemenda víða óboðlegar.

Sviðsmynd 1: Ekki ástæða til breyta farsælu skólahaldi, skólagerð og sérstöðu skólann. Huga ætti að samfelli í námi barna, það er auðveldara í heildstæðum skóla en í barna og safnskóla fyrir unglinga. Unglingar fyrirmyndir yngri nemenda og aldursblöndun jákvæð fyrir skólabraginn. Fjárfesting í þróunarstarfi og mannauði gæti glatast. Kynjahlutföll í starfsmannahópnum gætu breyst – karlar eru í miklum minnihluta í yngri barna skólum. Finna þarf varanlegar lausnir á frístundastarfi yngstu barna, byggja upp íþróttastöðu við alla skólanna í Laugardal.

Sviðsmynd 3: Nútímalegur unglingaskóli gæti boðið upp á ný tækifæri og nýjar áherslur í námi, nýtt upphaf og tækifæri til að kynnast nýjum félögum. Komi til safnskóla fyrir unglinga úr öllu hverfinu er hætt við að skólabragur og menning glatist. Vegalengdir gætu orðið miklar, fjarlægð milli heimilis og skóla gætu haft áhrif á félagsstarf. Gera þarf ráð fyrir einhverfu sérdeild, finna varanlega lausnir á frístundastarfi yngstu nemendanna og byggja upp íþróttastöðu við alla skólanna.

FORELDRAFÉLAG

Sviðsmynd 1: Góður skólabragur í Langholtsskóla sem ekki er ástæða til að hrófla við. Mannauður innan veggja skólans er dýrmætur, kostur að geta nýtt starfskrafta á milli skólastiga. Auðvelt fyrir kennara að færa sig um í starfi án þess að skipta um vinnustað með því að færa sig á milli stiga. Telja það sjálfsagða kröfu að barn geti sótt skóla í sínu nærumhverfi, einfaldar líf fjölskyldna að hafa öll börnin sín í sama skóla með tilliti til starfsdaga, foreldraviðtala og þess háttar.

Mikil þörf á stækkun skólans. Kominn tími á að endurnýja margt og uppfæra kennslurými, íþróttastæði óboðleg þrátt fyrir að efsta stig yrði flutt í safnskóla, fjölnotasalur skólans löngu orðinn of lítill. Nu ganga yngstu nemendur skólans um það bil hálfan kílómeter í frístundarheimilið sem er ekki boðlegt. Nú þegar hefur verið unnin forsögn vegna viðbyggingar við Langholtsskóla og teljum við skynsamlegt að framkvæma hana.

Sviðsmynd 3: Ekki komið fram hvar skólinn væri staðsettur, hver kostnaður við byggingu nýs skóla yrði. Búast má við að ungmennin þyrftu að fara lengri leið í skóla með aukinni umferð. Kallar á tvískipta starfssemi félagsmiðstöðva hverfisins og rask fyrir nemendur í sérdeild.

Einlæg ósk að skólamenning hverfanna fái að halda sér í þeirri mynd sem hún er með varanlegum lausnum fyrir hvern skóla fyrir sig.

Tryggja þarf húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

Ekki ástæða til að breyta því sem gott er.

Laugarnesskóli: Skólaráð, starfsfólk, foreldrafélag

SKÓLARÁÐ

Fagna vinnu sem hefur verið lögð í að rýna ólíka möguleika um framtíðarskipulag á skólahaldi í Laugardal. Fagna líka tækifærinu til að veita umsögn um sviðsmyndirnar.

Sviðsmynd 1: Að vel athuguðu máli þá er afstaða skólaráðs Laugarnesskóla að einungis sviðsmynd 1 sé ásættanleg lausn á þeim brýna húsnæðisvanda sem steðjað hefur að skólanum um árabíl. Aðrar lausnir leysa ekki með fullnægjandi hætti úr þörf skólans fyrir endurbætur á húsnæði og vinnuaðstöðu nemenda og starfsfólks. Sviðsmynd 1 er eina tillagan sem stendur vörð um dýrmæta skóla- og hverfismenningu sem er erfitt að rökstyðja hvers vegna eigi að fórna.

Sviðsmynd 2 og 3: Þörfin á skólahúsnæði Laugarnesskóla löngu orðin aðkallandi og sviðsmyndir 2 og 3 tækju að mati skólaráðsins einfaldlega allt of langan tíma.

Skólaráð skorðar á borgaryfirvöld að standa vörð um sérstöðu menningu skólanna í hverfinu og hraða stækkunarframkvæmdum í hverjum og einum þeirra sem mest.

STARFSFÓLK

Rýnivinnan fór fram á tveimur starfsmannafundur. Stuðst við 6 hugsandi hatta (six thinking hats).

Sviðsmynd 1: Felur í sér minnsta raskið fyrir Laugarnesskóla, skólabragur og hefðir halda sér. Kostur að hafa breiðan hóp nemenda, aldur og bakgrunn. Tækifæri til að nútímavæða skólabygginguna, bæta aðstöðu. Meira rými eykur tækifæri til fjölbreyttra kennsluhátta, frelsi til sköpunar og uppbrots á kennsluháttum. Óskostur að gera ráð fyrir að frístund verði í kennslustofum en ekki í sérými. Gott að ákveðin fjarlægð sé á milli skólastarf og frístundar en sameiginleg rými verði samnýtt og líkt og gert er í dag. Áhyggjur af því að skólinn verði ekki stækkaður nægilega mikið, vanda þarf hönnun skólalóðar með tilliti til mikilvægi þess að hún verði hluti af kennslurými, frístundar og útveru nemenda. Sviðsmynd 1 tryggir að þorpsmenning í hverfinu haldi sér og áfram fjölbreyttur nemendahópur undir sama þaki, og haldið verði í mannauð og reynslu kennara.

Sviðsmynd 2: Þessi sviðsmynd hefur mikil áhrif á skólabrag Laugarnesskóla og veikir yngsta stig skólans, þau hafa ekki eldri fyrirmyndir. Þröngt aldursbil skapar ákveðan einsleitni og óþörf skil á milli aldurshópa í samfélaginu. Felur í sér meira rými fyrir yngstu bekk í Laugarnesskóla (bæði húsnæði og lóð). Áhyggjur af því að mið- og unglingastig eigi ekki samleið og að þroskamunur sé mikill fyrir nemendur að skipta um skóla eftir 4. bekk. Tillagan leysir ekki vanda Laugarnesskóla, árgangar yrðu áfram stórir og rými skortir fyrir sérkennslu, sérgreinakennslu og matsal. Starfsandi yrði í hættu, skólabragur og skólamenning breytist og það þyrfti að hugsa skólasamfélagið upp á nýtt. Getur virst góð hugmynd ef maður er að hugsa um byggingar en ekki ef hugsað er um skólastarf.

Sviðsmynd 3: Vantar staðsetningu fyrir unglingaskóla og hvernig eigi að skipta hverfinu í nýju yngra barna skóla. Breiðari aldurshópur væri kostur. Staðsetning skiptir höfuðmáli, mikil fjarlægð fyrir suma nemendur, felur í sér að bæta þurfi samgöngur. Vandasamt að búa til góða unglingamenningu í safnskóla, gæti mistekist. Stór unglingaskóli hefur möguleika á að vera með fjölbreytt námsframboð, val og námsbrautir. Gæti verið jákvæð breyting að minni árgangar yrðu í Laugarnes- og Laugalækjarskóla og samfella í 1.-7. bekk, tveir skólar nánast hlið við hlið, annar er rótgróinn og hinn nýr. Hætt við að mjög ólík menning skapist á milli yngri barna skólanna og unglingaskólanna hinsvegar. Hætta er á að sérstaða hvers skóla glatist og að þorpsmenninginn lifi það ekki af.

FORELDRAFÉLAG

Nemendum Laugarnesskóla fjölgar hratt, það mun auka mjög hratt á húsnæðisvanda í skóla, íþróttum og frístund. Kennsla í tónmennt og list- og verkgreinum hefur liðið fyrir húsnæðisskortinn, mötuneyti skólans er of lítið, hljóðvist slæm og starfsmannaaðstaða löngu sprungin. Viljum standa vörð um menningu skólanna og skólagerðir sem byggja á langri og árangursríkri sögu. Leggjum áherslu á að viðhalda og þróa áfram hverfamenninguna samhliða þéttingu byggðarinnar. Í skólahverfinu er blönduð byggð húsnæðiskosta, viljum vara við einsleitni í baklandi nemenda. Krafa að allar breytingar á nærliggjandi umhverfi verði einungis heimilar sem hluti af heildstæðri lausn fyrir skólana. Höfnum því að nauðsynlegar úrbætur fyrir íþróttakennslu verði látnar ráðast af ótengdri ákvörðun um þjóðarleikvang.

Sviðsmynd 1. Stjórnin styður þá framtíðarsýn sem sviðsmynd 1 byggir á, þar sem skólarnir verða stækkaðir hver fyrir sig. Með þeirri aðferð stöndum við vörð um menningu skólanna allra og mannauð. Leggja áherslu á að við stækkun skólanna verði byggt til framtíðar og ekki látið duga að bregða plástri á bráðapörf fyrir stækkun þeirra.

Sviðsmynd 2 felur í sér flutning á 5.-6.bekk frá Laugarnesskóla yfir í Laugarlækjarskóla. Það myndi auka á sérstöðu skólanna innan borgarinnar, breyta skólagerð beggja skóla og hamla tækifærum í að byggja íþróttahús við Laugalækjarskóla. Óljós ávinningur af sviðsmynd 2 yfirvegur ekki fórnarkostnað breytinganna.

Sviðsmynd 3. Staðsetning hins nýja skóla er ekki kynnt í skýrslunni og engin kostnaðar- eða tímaáætlun fylgir. Væntanlega uppbot á skólahverfi Laugarnes- og Laugalækjarskóla sem er líkleg til að auka einsleitni í baklandi nemenda, sökum þess hvernig hverfið er uppbyggt. Sviðsmyndin myndi hafa verulega neikvæð áhrif á hverfamenninguna þar sem núverandi skólahverfi yrði skipt í tvennt og samskipti foreldra og barna þrengjast samsvarandi. Þessi sviðsmynd vekur upp fleiri spurningar en hún svarar í skýrslunni.

Fögnum samtalinu um framtíðarskipulag fyrir skólana okkar, þörfin fyrir bætta aðstöðu vaxið hratt. Leggja áherslu á að aðgerða er þörf og óska eftir virku samtali og upplýsingaflæði um tímasetta áætlun framkvæmda.

Laugalækjarskóli: Skólaráð, starfsfólk, foreldrafélag

SKÓLARÁÐ

Óvissubættir: Uppbygging íþróttaaðstöðu í hverfinu, m.a. samráð um skipulag Laugardals um úrlausn þjóðarleikvangs. Kostnaðargreining hefði verið gagnleg sem og skýr tímaáætlun. Skólaráðið hefur mikinn hug á að koma frekar að ákvörðunartökum þegar óvissupáttum hefur fækkað.

Sviðsmynd 1: Dýrmætt að halda góðum skólum og sérkennurum þeirra, almenn ánægja ríkir í hverfinu með skólana, lítill áhugi á róttækum breytingum. Þessi leið mun hafa misst áhrif á börnin. Alger skortur á íþróttaaðstöðu fyrir Laugalækjarskóla yrði þó óleyst vandamál. Húsakostur frístundaheimilisins Hofs er þegar of lítill, mun þurfa meira/stærri húsnæði í framtíðinni. Ef byggt yrði við alla skólana myndi leiksvæði þeirra minna sem því nemur, það er veikleiki. Könnun: Engin velur sem vesta kost.

Sviðsmynd 2: Styrkleiki þessarar hugmyndar yrði að 7. bekkur væri ekki lengur eyland félagslega og nemendur í félagsmiðstöðinni yrðu undir sama þaki. Gæti falist í þessu námslegur styrkur (miðstig allt undir sama þaki). Vandséð hvernig tvöföldun Laugalækjarskóla kemst fyrir ásamt nauðsynlegu íþróttahúsi, lítið pláss yrði eftir fyrir leiksvæði. Þarfir unglinga- og miðstig ólíkar og hætt við að skólinn verði mjög tvískiptur. Sviðsmyndin virkar því almennt óraunhæf hvað Laugalækjarskóla varðar. Könnun: Engin í skólaráði velur sviðsmynd 2 sem besta kost.

Sviðsmynd 3: Erfitt að taka afstöðu, ekki vitað hvar skólinn á að vera. Jákvætt ef um nýbyggingu verður að ræða, með góðri íþróttaaðstöðu; spennandi tækifæri, nýtt upphaf. Mögulega góðir samstarfsfletir á milli nýs Laugalækjarskóla og Laugaskólar. Erfið unglingamenning í nýjum unglingaskóla yrði ekki áhyggjuefni. Unglingakennarar flestir til í að kenna við unglingaskóla. Fulltrúum nemenda í skólaráðinu finnst þessi kostur álitlegur. Það að skipta Laugarneshverfinu í tvo yngri barna skóla hefði hins vegar mikil neikvæð áhrif á félagsleg samskipti milli krakka á þessu svæði. Sérkenni skólanna og skólabragur myndu gjörbreytast, í raun yrðu til 4 nýjir skólar sem er ekki álitleg hugmynd. Könnun: Flestir höfðu skoðun á sviðsmynd 3, list best á eða eða verst á.

STARFSFÓLK

Óvissubættir: Uppbygging íþróttaaðstöðu í hverfinu, m.a. samráð um skipulag Laugardals um úrlausn þjóðarleikvangs. Kostnaðargreining hefði verið gagnleg sem og skýr tímaáætlun.

Sviðsmynd 1: Fátt sem mælir gegn sviðsmynd 1 nema mikið rask við alla skólana og óvissa með íþróttaaðstöðu. 68% starfsmanna list best á þessa sviðsmynd. Hefur minnst áhrif á nemendur, skólarnir haldi sínum jákvæða skólabrag og sérkennum.

Sviðsmynd 2: Kostir að allt miðstig Laugarneshverfis sé í sama skóla. Kostur að óumflýjanlegt væri að byggja þyrfti íþróttahús við Laugalækjarskóla. Erfitt að sjá kosti, nokkrir telja hugmyndina mjög slæma. Ólíklegt að mið- og unglingastig myndu vinna mikið saman, hætta á tvískiptingu skólans. Stækka þyrfti skólahúsnæði óhemju mikið. Lítið eftir af skólalóð fyrir útileiki yngri barna. Úr yrði stór, skiptur skóli sem væri erfitt að skapa sérstöðu fyrir. 95% starfsmanna nefna sviðsmynd 2 sem þeim list verst á.

Sviðsmynd 3: Staðsetning unglingaskóla óráðin og íþróttaaðstaða við alla skólana óvissupáttur. Tækifæri að byggja upp fjóra nýja skóla, mögulega ný vinnubrógð, framsækin úrfærsla með rými til uppbrots, samkennslu og svigrúms til að sinna fjölbreyttum þörfum unglinga. Hætta á að þekking og mannauður tapist. Laugarneshverfið yrði e.t.v. klofið í tvö hverfi, hætta á stéttarskiptingu milli skóla. Er stór unglingaskóli heppilegur fyrir unglingamenningu? Myndi núverandi húsnæði Laugalækjarskóla henta fyrir yngri barna skóla? 31% starfsfólks list best á þessa sviðsmynd.

FORELDRA-FÉLAG

Foreldrafélag Laugarlækjarskóla vísar í opið bréf til borgarstjóra sem birtist í Vísi 1. mars 2022 sem var sent í nafni foreldrafélaga Langholtsskóla, Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla.

Vilja að brugðist verði hratt við húsnæðisvanda skólann með því að byggja við hvern þeirra fyrir sig og vernda þannig skólagerð þeirra, skólahverfin og hverfamenningu. Húsnæðið ber ekki fjölda nemenda í dag, dugar ekki til að kennsla í list- og verkgreinum sé í samræmi við viðmunarstundaskrá og kemur niður á aðstöðu nemenda. Innviðir löngu sprungnir, íþróttaaðstaða ófullnægjandi, frístund í lélegu húsnæði.

Vilja vernda og viðhalda skólagerð skólanna sem eiga sér langa og áranguríka sögu. Stofnun safnskóla myndi leið til þess að skólagerð þriggja skóla yrði brotinn upp og stofna þyrfti nýjan unglingaskóla frá grunni. Breytingin yrði líkleg til að valda uppbroti á rótgrónum skólahverfum.

Staðsetning safnskólans í **sviðsmynd 3** er ekki kynnt en í Laugardalnum eru fáir byggingareitir á lausu. Upplýsingar um þessa sviðsmynd eru talsvert frá því að teljast fullnægjandi. Viljum sjá framtíðarlausnir.

Krefjast þess að unnið verði hratt að þróun húsnæðismála skólanna enda hefur aðstaða til náms, frístundar og íþróttar verið þynnt út svo um munar á undanförunum árum og er orðið algjörlega óviðunandi.

Sviðsmyndirnar 3: Vantar kostnaðaráætlun og tímaáætlun

SVÓT GREINING – Lengri útgáfa.

SAMANTEKT ÚR 15 UMSÖGNUM.

Styrkleikar

Sviðsmynd 1: Varðveitir skólabrag, skólar halda einkennum sínum en stækki og fá meira pláss, fleiri vinir og jafnvel fleiri leiktæki, vinir ekki aðskildir. Meira pláss á hverjum stað. Stutt fyrir flesta að ganga í skólann. Stöðuleiki fyrir nemendur og kennara. Auðveldra að huga að samfellu í námi barna í heildstæðum skóla, en barna/unglingaskóla. Aldursblöndun jákvæð fyrir skólabraginn. Barn á að getað sótt skóla í sínu nærumhverfi, einfaldar líf fjölskyldna að hafa öll börnin sín í sama skóla. Eina sviðsmyndin sem er ásættanleg, sem lausn á brýnum húsnæðisvanda. Eina tillagan sem stendur vörð um dýrmæta skóla- og hverfismenningu. Hér er staðin vörður um menningu skólanna allra og mannauð.

Sviðsmynd 2: Sumum finnst spennandi að skipta um skóla. Litlar breytingar og meira pláss í Langholts- og Laugalækjarskóla. Hægt að vera með góða aðstöðu fyrir félagsmiðstöð og mestar líkur á að búa megi vel um húsnæði frístundaheimilanna. Tillagan til góðs fyrir nemendur Langholtsskóla, út frá fjarlægð og umferðaröryggi.

Sviðsmynd 3: Besta langtímalausnin. Skemmtileg breyting fyrir hverfið, meira pláss. Skynsemi í því að byggja unglingaskóla, fleiri unglingar saman, meiri líkur á að allir geti fundið vini við hæfi, fjölbreyttara félagslíf og spennandi að skipta um skóla. Byggingaframkvæmdir hafa lítil áhrif á skólastarfið. Nútímalegur unglingaskóli gæti boðið upp á ný tækifæri og nýjar áherslur í námi, nýtt upphaf og tækifæri til að kynnast nýjum félögum.

Veikleikar

Sviðsmynd 1: Töluvert rask af framkvæmdum sem taka tíma. Líklega dýrara að byggja við þrjá skóla en að byggja einn nýjan. Skólalóðir minnka. Erfitt að gera sér grein fyrir því hvar viðbyggingar skólanna eiga koma. Kominn tími á að endurnýja margt og uppfæra kennslurými, íþróttaaðstaða óboðleg þrátt fyrir að efsta stig yrði flutt í safnskóla.

Sviðsmynd 2: Raskar félagslegu umhverfi nemenda, erfitt að skipta um skóla. Hefðir og venjur í skólum tapast. Áhyggjur af því að einhverjir kennarar fari. Tekur í burtu spennuna við að fara í sérstakan unglingaskóla og félagslífið minna spennandi. Öllum framkvæmdum fylgir truflun á skólastarfi sem getur verið erfitt. Nauðsyn að farið sé strax í að leggja línurnar með húsnæði frístundaheimilanna. Tæki allt of langan tíma.

Sviðsmynd 3: Breyting á félagslegu umhverfi nemenda. Unglingar vita ekki hvernig á að umgangast yngri krakka. Komi til safnskóla fyrir unglinga úr öllu hverfinu er hætt við að skólabragur og menning glatist. Vegalengdir gætu orðið miklar, fjarlægð milli heimilis og skóla gætu haft áhrif á félagsstarf. Ekki komið fram hvar skólinn væri staðsettur, hver kostnaður við byggingu nýs skóla yrði. Búast má við að ungmennin þyrftu að fara lengri leið í skóla með aukinni umferð. Kallar á tvískipta starfssemi félagsmiðstöðva hverfisins og rask fyrir nemendur í sérdeild. Tæki alltof langan tíma.

Ógnanir

Sviðsmynd 1: Hætta á því að vinna við sviðsmyndina bjóði ekki uppá nægilega stækkun skólanna og sé ekki nægilega góð lausn til lengri tíma. Fjárfestir í þróunarstarfi og mannauði gæti glatast. Suma nemendur gæti vantað fyrirmyndir af öllum kynjum (karlkennarar fleiri á unglingastigi). Áhyggjur af því að skólinn verði ekki stækkaður nægilega mikið.

Sviðsmynd 2: Annar skólinn gæti orðið vinsælli en hinn. Þröngt aldursbil skapar ákveðan einsleitni og óþörf skil á milli aldurshópa í samfélaginu. Áhyggjur af því að mið- og unglingastig eigi ekki samleið og að þroskamunur sé mikill fyrir nemendur að skipta um skóla eftir 4. bekk. Starfsandi yrði í hættu, skólabragur og skólamenning breytist og það þyrfti að hugsa skólasamfélagið upp á nýtt. Getur virst góð hugmynd ef maður er að hugsa um byggingar en ekki ef hugsað er um skólastarfið.

Sviðsmynd 3: Gríðarlegur fjöldi af unglingum á einum stað, gæti takmarkað þjónustu við miðstigsstarf. Áhyggjur töluverðar af því að safna öllum unglingum saman í einn skóla. Áhyggjur af unglingum sem þurfa að ganga í gegnum Laugardalinn að kvöldi til, eftir skólaskemmtun (illa upplýstur). Verk fyrir höndum að byggja upp jákvæða unglingamenningu. Erfitt að lesa út úr tölunum, ekki áætlaður fermetrafjöldi á nýrri skólabyggingu fyrir unglingaskóla. Myndi einhverfudeild Langholtsskóla rúmast innan unglingaskóla? Hætt við að mjög ólík menning skapist á milli yngri barna skólanna og unglingaskólanna hinsvegar.

SVÓT

Tækifæri

Sviðsmynd 1: Finna þarf varanlegar lausnir á frístundastarfi yngstu barna, byggja upp íþróttaaðstöðu við alla skólanna í Laugardal.

Sviðsmynd 2: Ekki fráleit hugmynd að þróaðar yrðu miðstigs félagsmiðstöðvar inni í skólum, myndi bjóða uppá aukna, betri og persónulegri þjónustu fyrir börn í 5.–7. bekk. Samstarf milli skóla og félagsmiðstöðva að einhverjum líkindum einfaldari. Samnýting skóla og félagsmiðstöðvar í Langholtsskóla þyrfti að vera vandlega úthugsuð og unnin í samstarfi við félagsmiðstöðina.

Sviðsmynd 3: Fjölbreyttara nám, meira val með nýjum og fræðandi greinum. Tækifæri að móta stefnu skóla frá upphafi með nýjum áherslum þar sem unglingastarfi fengi að njóta sín og félagslífið gæti orðið öflugra. Hægt að gera aðstöðu fyrir félagsmiðstöð inni í nýja skóla. Nemendur sem eiga undir högg að sækja gætu mögulega fengið nýtt upphaf. Gera þarf ráð fyrir einhverfu sérdeild, finna varanlega lausnir á frístundastarfi yngstu nemendanna og byggja upp íþróttaaðstöðu við alla skólanna.